



# UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM SAMEIGINLEGAR ÁKVARÐANIR EFTIRLITSSTJÓRNVALDA UM  
VARFÆRNISKRÖFUR FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA



# UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM SAMEIGINLEGAR ÁKVARÐANIR  
EFTIRLITSSTJÓRNVALDA UM VARFÆRNISKRÖFUR  
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

2022 nr. 6

13. júní 2022

## Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 21. júní nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), [www.fme.is](http://www.fme.is).

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [skjalasafn@sedlabanki.is](mailto:skjalasafn@sedlabanki.is).

## REGLUR

### um sameiginlegar ákvarðanir eftirlitsstjórnvalda um varfærniskröfur fjármálafyrirtækja.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um ferli eftirlitsstjórnvalda við töku sameiginlegra ákvarðana um varfærniskröfur fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

#### 2. gr.

##### *Sameiginlegar ákvarðanir.*

Um sameiginlegar ákvarðanir eftirlitsstjórnvalda um varfærniskröfur fjármálafyrirtækja skv. 109. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, fer eftir reglugerð (ESB) nr. 710/2014, sbr. 3. gr.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 710/2014 frá 23. júní 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar skilyrði fyrir beitingu sameiginlega ákvörðunarferilsins vegna varfærnis krafna er varða tilteknar stofnanir, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 59.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 710/2014 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union): <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32014R0710>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 188, þann 27. júní 2014, bls. 19-59.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 13. tölul. 1. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast gildi 1. júlí 2022.